



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 20. ágúst 2021

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: 20.08.2021 kl. 13:00

Mættir: Anna, Íris, Sirrý, Alexandra, Bjarni, Ragnar, Áróra

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland:

- Alexandra Kjeld, ritari stjórnar (AK), – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson, stjórnarmaður (BÞÞ), – Búseti – bjarni@buseti.is
- Olga Árnadóttir, stjórnarmaður (OÁ), – Framkvæmdasýsla ríkisins – olga.a@fsr.is
- Ragnar Ómarsson, formaður stjórnar (RÓ), – Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir, stjórnarmaður (SÓB), – VSÓ ráðgjöf - sigridur@vso.is
- Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmaður (ASJ), - VA arkitektar – anna@vaarkitektar.is
- Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri stjórnar (ÍP), - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
- Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. **Dagur Grænni byggðar 02.09**
2. **Námskeið um hringrásarhagkerfi**
3. **Málfundur um orkunotkun**
4. **Nordic GBC webinar um Resilience and climate adaptations (IS)**
5. **Önnur mál**

1. **Dagur Grænni byggðar 02.09**

Bókun fyrirlesara hefur gengið vel. Áróra hefur ekki náð í Rósu, sveitarstjóra Hafnarfjarðar en æskilegt væri að finna staðgengil hennar ef hún verður vant við látin. Elín Hirst verður fundarstjóri og vantar nú titla á erindum og texta um alla fyrirlesara.

Fjölmiðlun. Fréttablaðið mun gera umfjöllun viku fyrir Dag Gb. Áróra óskar eftir ábendingum. Orðið er „uppselt“ á viðburðinn, en rúmlega 80 eru þegar skráðir. Salurinn tekur 132 manns ef grímuskylda er höfð í heiðri.

Mette mun senda inn upptöku, en Jukka myndi kjósa að tala live frá Helsinki. Skoða þarf tæknilegu hliðina með góðum fyrirvara á lönó. Dagurinn er frátekinn 13-17, en Áróra athugar bókun fyrir hádegi. Æskilegt er að undirbúa fyrir hádegi.

Óheimilt er að bjóða upp á eigin veitingar m.v. núverandi takmarkanir. lönó er þó með eigið veitingaleyfi og hægt verður að bjóða upp á hressingu í kaffihléi 14:45 og í lok erinda 16:10.



2. Námskeið um hringrásarhagkerfi

Vigdís býður upp á að halda örnámskeið fyrir aðildarfélagi áður en hún fer aftur út, en hún er starfsmaður Gb ásamt Áróru til loka september. Athuga þarf hvar hægt verði að halda þetta námskeið – Ragnar skoðar Verkís.

3. Málfundur um orkunotkun

Marta Rós og Íris bókuðu fund með ON varðandi fund um orkunotkun á verkstað. Frumkvæðið kom frá ON. Komin voru fyrstu drög að dagskrá sem Íris fór yfir á fundi. Hugsanlega lok október. Íris ræðir við Mörtu og athugar framhald. Meðal umræðuefna (ekki tæmandi): Ábyrg auðlindanýting – framtíðarsýn framleiðenda, Rammar og reglugerðir varðandi orkunotkun í byggingum, Hönnun á orkunýtnu húsi, Gagnaveitan – snjallvæðingin, Orkunotkun bygginga í rekstri.

4. Nordic GBC Webinar um Resilience and climate adaptations (IS)

Nordic Green Building Councili á Norðurlöndunum hafa staðið fyrir röð af netviðburðum. SE var í apríl. Dagskrá hjá Dönum framundan; Renovation of buildings – Circular economy. Ísland þarf að koma með erindi inn í „Nordic examples from every country“.

Resilience and climate adaption (Iceland) – lok okt / nóv

- **Climate changes in the Nordic countries and potential impact on the built environment** – Guðfinna Aðalgeirsdóttir, erindi um IPCC skýrsluna og leggja út frá henni áhrif á mannvirkjagerð á Norðurlöndunum. Í kjölfarið endurgjöf frá öllum Norðurlöndunum og/eða panill.
- **Physical risk indicators and Risk assessment for property insurance value** – erindi um þær hættur í skýrslunni og hvernig tekið er á þeim í verðmætamati eigna. Erindi frá Huldu Ragnheiði Árnadóttur hjá Almannavörnum.
- **Tools and guidelines for resilience development and adaptation to climate change** – erindi um mannvirki sem geta staðið af sér náttúruhamfarir. Erlent input.
- **Building resilience, case study** – e-skonar dæmi, t.d. úr Noregi, Seyðisfirði o.s.f.rv. Erlent input og íslensk. Skógarbrunnar, snjóflóð, jarðgas, skriður – áskoranir frá öllum löndum.

Á fundi morguninn 20.8 var innihald málfundar rætt og mun Ragnar halda áfram að skipuleggja í samstarfi við GBC Norðurlandanna.

5. Önnur mál

Rædd voru lauslega;

- WGBC umsókn og BREEAM samningur
- Uppsögn á úreltu léni vbr.is
- RÓM var á fundi með HMS verkefnastjórn varðandi vegvísinn BGF. Búið er að eyrnamerkja Gb 5 rannsóknarverkefni. Verið er að sækja þessi verkefni til U-ráðuneytis.

Fundi er slitið kl. 15:40